

hamri í Miklaholtshr., Snæf., á Hesti og Báreksstöðum í Andakílshr., Borg., síðast í Klausturhólum í Grímsneshr., Árn. Maki: Ragnhildur Björnsdóttir, f. um 1776, d. 14. maí 1856, húsfreyja. 5) Árni, f. 1777, dd. ókunnur, sigldi ungur utan, til Vestur-Indía og víðar, sykursuðusveinn í Kaupmannahöfn. 6) Geir, f. 25. jan. 1790, d. 28. júlí 1791.

Skyldleiki/tengdir: Bjarni Pálsson (svili), Brynjólfur Pétursson (tengdafaðir dóttur), Jón Þorvaldsson (maki sonarsonar-sonardóttur), Ólafur Brynjólfsson (tengdasonur).

Hallgrímur Benediktsson f. 8. ágúst 1946 í Reykjavík.

Faðir: Benedikt Jakobsson, íþróttakennari við



Háskóla Íslands, f. 19. apríl 1905, d. 27. mars 1967. For.: Jakob Pétur Hallgrímsson, bóndi í Fossseli í Laxárdal, Reykdælahr., S-Þing., f. 27. nóv. 1864, d. 28. mars 1943, og k.h. Helga Jónína Benediktsdóttir, húsfreyja, f. 3. sept. 1867, d. 18. maí 1920.

Móðir: Vivan Signe Aurora Svavarsson (áður Jakobsson), f. Holm, kennari og sjúkrapjálfi í Reykjavík, f. 25. des. 1910. (Vivan var fyrri k. Benedikts. Þau skildu 1949.) For.: Otto Holm, bóndi í Uppsölum í Svíþjóð, f. 5. júlí 1861, d. 10. júlí 1950, og k.h. Amanda Karolina Holm, f. Nilsson, húsfreyja, f. 10. maí 1867, d. í nóv. 1931.

Stjúpfadur: Garðar Svavarsson, prestur í Reykjavík, f. 8. sept. 1906, d. 9. maí 1984.

Nám: Stúdent frá M.R. stfd. 1966. Cand. med. frá H.Í. 29. jan. 1973. Amerískt útlendingapróf (ECFMG) í Reykjavík 1973. Kanadískt læknapróf (LMCC) 1976 og bandarískt læknapróf (VQE) 1977. Sérfræðipróf í líffærameinafræði (American Board of Pathology) í nóv. 1978. Kanadískt sérfræðipróf í líffærameinafræði (Fellow of the Royal College of Physicians and Surgeons of Canada, Anatomical Pathology, FRCPC) í nóv. 1978. – Almennt lækningaleyfi á Íslandi 3. júní 1975, í Manitoba í Kanada 1. júlí 1978, í Alberta 1. des. 1984 og í Ohio 1988. Sér-

fræðingsleyfi í líffærameinafræði í Manitoba í nóv. 1978, á Íslandi 27. okt. 1980, í Alberta 1984 og í Ohio 1988.

Störf: Kandídat á Borgarspítalanum mars-júlí 1973. Aðstoðarlæknir á Rannsóknastofu Háskólans í meinafræði frá ágúst 1973 til júlí 1974. Kandídat á Landspítalanum, fæðingar- og kvensjúkdómadeild, ágúst-sept. 1974. Héraðslæknir í Búðardalshéraði okt.-des. 1974. Kandídat á Landspítalanum, barnadeild, í jan. 1975, á lyflækningadeild febr.-mars s.á. og á handlækningadeild apríl-júní s.á. Aðstoðarlæknir (Resident) og sérfræðinám í meinafræði við University of Manitoba frá júlí 1975 til júní 1977, og Fellow (in Surgical Pathology) á University of Minnesota Hospitals í Minneapolis í Minnesota frá júlí 1977 til júní 1978. Sérfræðingur í líffærameinafræði (Associate Pathologist) við Health Sciences Centre í Winnipeg frá júlí 1978 til ágúst 1981. Lektor (Assistant Professor) við meinafræðideild University of Manitoba frá júlí 1978 til ágúst 1981. Sérfræðingur á Rannsóknastofu Háskólans í meinafræði frá ágúst 1981 til des. 1984. Dósent (Associate Professor) við meinafræðideild University of Calgary, Department of Pathology and Laboratory Medicine, frá des. 1984 til júlí 1991. Prófessor og yfirlæknir í meinafræði við University of Calgary í Kanada frá ágúst 1991. Héraðsyfirlæknir (Regional Clinical Department Head) Calgary Regional Health Authority frá ágúst 1996. Senior Medical Officer við Calgary Laboratory Services frá ágúst 1996 og Vice President Medical Academic Calgary Laboratory Services frá 1999.

Félags- og trúnaðarstörf: Vice President Mountainview International Festival of Song frá 1995. Í framkvæmdastjórn Calgary Centre Riding Association, Liberal Party of Canada, frá 1996, og í framkvæmdastjórn Calgary Pro Musica Society frá 1997.

Viðurkenning: Gold Star Letter Award for Excellence in Teaching við University of Calgary öll árin 1991-99.

Maki: 5. nóv. 1966, Guðrún Jörundsdóttir, f. 16. ágúst 1946, stúdent frá M.R. 1966, B.A. í ensku og sagnfræði frá H.Í. 1974, Master of Architecture frá University of Calgary 1993, arkitekt. For.: Jörundur Pálsson, arkitekt í Reykjavík, f. 20. des. 1913, d. 6. sept. 1993, og k.h. Guðrún Stefánsdóttir, kaupmaður, f. 14. des. 1917, d. 28. ágúst 1995.

Börn þeirra: 1) Benedikt, f. 23. mars 1967, Ph.D. (Physical Anthropology) frá University of Chicago, dósent (Associate Professor) í líffærafræði við læknadeild University of Puerto Rico. 2) Helga Kristín, f. 9. jan. 1969, B.Music frá University of Calgary, við doktorsnám í félagsvísindum við University of Western Ontario. 3) Gunnar, f. 18. mars 1975, B.A. frá University of Calgary, við M.A.-nám í enskum bókmenntum við University of Iowa. 4) Ingunn, f. 10. mars 1982, nemi.

Hallgrímur Björnsson f. 24. nóv. 1905 í Reykjavík, d. 28. nóv. 1978 á Akranesi.



Faðir: Björn Hallgrímsson, skipstjóri, verkstjóri og hreppstjóri í Klöpp í Miðneshr., Gullbr., síðast í Keflavík f. 21. febr. 1876, d. 27. sept. 1953. For.: Hallgrímur Eiríksson, bóndi á Flankastöðum í Miðneshr., Gullbr., og víðar, f. 1. júlí 1839, d. 1909, og k.h. Guðrún

Björnsdóttir, húsfreyja, síðast í Reykjavík, f. 20. júní 1840, d. 31. ágúst 1923.

Móðir: Stefánía Guðrún Magnúsdóttir, húsfreyja í Klöpp í Miðneshr., Gullbr., f. 7. sept. 1878, d. 2. jan. 1916. For.: Magnús Bjarni Stefánsson, bóndi og oddviti í Klöpp, f. 1843, d. 17. jan. 1890, og k.h. Gróa Sveinbjörnsdóttir, húsfreyja, f. 23. júlí 1844, d. 17. júlí 1924.

Nám: Stúdent frá M.R. md. 24. júní 1926, I. eink. (7,19). Cand. med. frá H.Í. 13. júní 1932, I. eink. (183 st.). – Námsdvöl í Kaupmannahöfn 1935-36, á General Hospital í Winnipeg (ársvist) og á ýmsum sjúkrahúsum í Boston í Massachusetts (4 mán.) 1944-46.

Störf: Kandídat á Landspítalanum frá okt. 1932 til sept. 1933. Aðstoðarlæknir hjá héraðslækninum í Patreksfjarðarhéraði frá okt. 1933 til jan. 1934. Starfandi læknir á Akranesi frá febr. 1934 til æviloka og gegndi jafnframt læknisstörfum við sjúkrahúsið þar frá stofnun þess 1952. Héraðslæknir í Skipaskagahéraði frá nóv. 1937 til maí 1938.

Viðurkenning: Heiðursfélagi Læknafélags Vesturlands.

Maki: 1. júlí 1939, Helga Haraldsdóttir, f. 22. febr. 1921, d. 11. maí 1971, húsfreyja. For.: Haraldur Böðvarsson, útgerðarmaður á Akranesi, f. 7. maí 1889, d. 19. apríl 1967, og k.h. Ingunn Sveinsdóttir, húsfreyja, f. 3. ágúst 1887, d. 25. febr. 1969.

Kjörsonur þeirra: 1) Hallgrímur, f. 7. okt. 1949, fasteignasali á Akranesi, síðar búsettur í Portúgal. Maki: Marianne Ellingsen, f. 4. sept. 1952, leikskólastarfsmaður. Þau skildu. Fóstursonur (Hallgríms og Helgu): 2) Gísli Böðvarsson Kvaran, f. 9. des. 1953, múrarameistari á Akranesi. Maki: Anna Alfreðsdóttir, f. 26. mars 1951, verslunarmaður og húsfreyja.

Skyldleiki/tengdir: Björn Logi Björnsson (bróðursonur), Guðmundur Hannesson (maki móðursystir H.B.), Hannes Guðmundsson (tvímenningur), Helga Hannesdóttir (H.B. tvím. við föður H.H.), Ingunn H. Sturlaugsdóttir (bróðurdóttir maka).

Hallgrímur Guðjónsson f. 13. maí 1952 á Hofsósi, Skag.

Faðir: Guðjón Klemenzson, héraðslæknir á



Hofsósi og síðar læknir á Suðurnesjum, búsettur í Njarðvík, f. 4. jan. 1911, d. 26. ágúst 1987. For.: Klemenz Jónsson, bóndi og barnakennari á Vestur-Skógtjörn á Álftanesi, f. 1. apríl 1876, d. 16. ágúst 1955, og k.h. Auðbjörg Jónsdóttir, húsfreyja, f. 5. maí 1888, d. 14. des. 1977.

Móðir: Margrét Hallgrímsdóttir, húsfreyja á Hofsósi og í Njarðvík, f. 12. jan. 1920, d. 31. jan. 1990. For.: Hallgrímur Jónsson, verkamaður í Hafnarfirði, f. 25. sept. 1886, d. 16. febr. 1962, og k.h. Jónína Jónsdóttir, húsfreyja, f. 28. nóv. 1890, d. 11. maí 1941.

Nám: Stúdent frá M.H. nfd. 1972, I. eink. (8,69). Cand. med. frá H.Í. 24. júní 1978, I. eink. (8,5). Almennt lækningaleyfi á Íslandi 7. júlí 1980, í Wisconsin 8. okt. 1982 og í Vermont 8. ágúst 1984. Sérfræðingsleyfi í almennum lyf-